

4. mars 2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 16. febrúar 2005 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvörp til tollalaga, 493. mál.

Nýmæli í frumvarpinu virðast einkum lúta að framkvæmd tollafgreiðslu en viðfangsefni sem hana varða eru ekki á verksviði Seðlabanka Íslands eins og það er skilgreint í lögum. Seðlabankinn tekur því ekki afstöðu til frumvarpsins sem slíks. Bankinn leggur hins vegar áherslu á að þess verði gætt að breytingarnar sem í frumvarpinu felast rýri ekki afkomu ríkissjóðs. Almennt má segja að æskilegt væri að mat á tekjuáhrifum fylgdi frumvörpum af því tagi sem hér um ræðir, þ.e. frumvörpum til laga um tekjustofna og tekjuinnheimtu ríkisins. Þessu frumvarpi fylgir aðeins áætlun um útgjöld.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Birgir Ísleifur Gunnarsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri